

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi Krossaneshaga, C áfangi.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 23. ágúst 2023 breytingu á deiliskipulagi fyrir Krossaneshaga, C áfanga.

Breytingin tekur til lóðarinnar, Týsnes 14 og felur í sér að byggingarreitur lóðarinnar Týsness 14 lengist til norðvesturs um 6,0 m og breiðkar um 1,5 m til beggja hliða. Byggingarreiturinn var 40 x 55,75 m en er eftir breytinguna 43 x 61,75 m. Vegna landhalla á lóð verða leyfðir tveir gólfkótar innan byggingarreits, 35,50 +/- 0,5 m og 37,00 +/- 0,5 m en áður var gólfkótinn 35,50 +/- 0,5 m.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 6. desember 2023,

Einar Sigþórsson verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 21. desember 2023